



Stjórn FÍR

Reykjavík 12. ágúst 2020

Fundarstaður : Stórhöfða 29 3.hæð

Mættir voru Margrét, Guðmundur Ævar, Þór, Eiríkur, Kristján, og Sigmundur.

Fundur hófst kl. 20,00

Dagskrá:

1. Styrkur til sveinsprófsnefndar og er tilagan:
Sveinsprófsnefnd hefur verið að fá styrk frá FÍR til að kaupa drykki og annað slíkt fyrir sjálfa nefndina og þá sem eru í verklegu prófi. Tillagan er sú að þeir þurfi ekki að óska eftir styrk fyrir hvert sveinspróf heldur verði þetta styrkur sem þeir fái sjálfkrafa fyrir hvert próf í matarkaup. Hvert próf er tvisvar á ári svo það gerir 100.000 kr á ári fyrir okkur. Þeir leggi út fyrir vörunum og fái greitt eftir á eins og hefð er fyrir.
Samþykkt.
Og verður tillagan lögð fyrir næsta fund stjórnar og trúnaðarráðs 2. september.
2. Rætt um að fjölga greiddum tímum um fimm tíma og verður tillagan um það lögð fram á fundi 2. september stjórnar og trúnaðarráðsfundi
3. Rætt um næstu fundi og á hvaða dögum og tíma þeir væru, var ákveðið að hafa fundi á miðvikudögum kl 18,00 æi vikuni fyrir framkvæmdarstjórnarfund.Næsti fundur stjórnar og trúnaðarráð 2. sept Kl 18,00 .
4. Rætt um skipulag og skiftust menn á skoðunum.
5. Herferð um lögvernd. Hugmyndin er sú að vekja meiri athygli á sveinalistanum. Vekja athygli á mikilvægi þess að hafa menntaðan rafvirkja, svipað og píparar hafa verið að gera. Gera auglýsingar svipaðar og pípara hafa verið að gera, ræða við SART að vera með. Margrét mun ræði við SART.
6. Afmælisár RSÍ . Eiríkur kom með hugmynd að gefa frísbýgolf, og var ákveðið að athuga með frísbýgolf og mun Margrét ræða við Björn Ágúst um það.

7. Margrét kynnti Trello og mun veita stjórnarmönnum aðgang að því.
8. Farið var yfir komandi námskeið og rætt um þau, Sigmundur stefnir á tvö námskeið og Margrét allaveg eitt. Sigmundur sendir stjórnarmönnum á hvaða námskeið hann er búinn að skrá sig á.

Fundi var slitið kl. 22,00

Fundinn ritaði SPG